

Mál nr. 269/2006

M

og

V-1 v. A og

V-2 v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Njarðarbrautar og Samkaupsbrautar þ. 17.10.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.12.2006 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 900/06
3. Tjónaskýrsla dags. 17.10.2006
4. Bréf V 2 dags. 3.1.2007
5. Bréf V 1 dags. 29.12.2006 og 8.1.2007.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið eftir aðalbraut þegar A hafi komið frá hægri í veg fyrir A. Ökumaður B segist hafa ekið eftir Samkaupsvegi að Njarðarbraut og stöðvað við biðskyldumerki og ekið til hægri þegar aðstæður leyfðu en þó nokkur umferð hafi verið. Ökumaður B segir að þegar hún hafi verið að beygja hafi A komið skáhallt upp að hlið B og rekist á B. Í bréfi V 2 er á það bent að A hljóti að hafa beygt af miðakrein og yfir á hægri akrein á gatnamótunum og þar inn í framhlið B og hafi ökumaður A brotið gegn 22 gr. Umferðarlaga nr. 50/1987 með þessu aksturslagi. V-1 bendir á að B hafi ekið inn á aðalbraut í umrætt sinn og beri því alla sök.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum ökumanna verður ráðið að A hafi skipt um akrein í umrætt sinn í veg fyrir B og beri A því alla sök sbr. 2. mgr. 17. gr.l. nr. 50/1987 umferðarlaga.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík, 23.1.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.